

málsli. 1. mgr. 7. gr. sömu laga: „(sbr. 11. gr.), þar bera viðkomandi bændur viðhaldskostnaðinn, nema girðingin sé eingöngu í þágu vegarins, sbr. 11. gr.“.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Halldór Blöndal.

LÖG

um breyting á lögum nr. 14/1979, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd þrjá alþjóðasamninga um varnir gegn mengun sjávar af völdum olíu, lögum nr. 20/1986, um Siglingamálastofnun ríkisins, og lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 14/1979.

1. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastjóri“ í 4. gr. laganna kemur: Hollustuvernd ríkisins.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 20/1986.

2. gr.

7. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisstjórnsetur.

III. KAFLI

Breyting á lögum nr. 32/1986.

3. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1995.

Gjört að Bessastöðum, 8. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.